

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/2689**  
**komudagur 14.6.2012**

Atvinnuveganefnd Alþingis  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík



**Persónuvernd**  
Data Protection Authority

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík Iceland  
tel: 354 510 9600 fax: 354 510 9606  
e-mail: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)  
web page: [personuvernd.is](http://personuvernd.is)

Reykjavík, 13. júní 2012  
Ref.: 2012050639VEL/--

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum (heimildir Matvælastofnunar, kærufrestur, EES-reglur).**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs frá ritara atvinnuveganefndar frá 8. maí 2012 þar sem óskað er eftir athugasemdum Persónuverndar við tillögu að breyttu ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995 (þskj. 503, 287. mál á 140. löggjafarþingi).

Ákvæði 1. gr. í upphaflegu frumvarpi hljóðaði svo:

„Á eftir 27. gr. c laganna kemur ný grein sem verður 27. gr. d, svohljóðandi:

Matvælastofnun er heimill rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum tollyfirvalda vegna eftirlits með þeim vörum sem 27. gr. a og 27. gr. b ná til. Matvælastofnun og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd.“

Með bréfi, dags. 28. febrúar 2012, veitti Persónuvernd umsögn um framkomið frumvarp. Þar kom m.a. fram að Persónuvernd teldi að vinnsla Matvælastofnunar gæti stuðst við 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, enda væri miðlun frá tollyfirvöldum til Matvælastofnunar afmörkuð við tiltekna flokka upplýsinga og í samræmi við ákvæði 7. og 11. gr. laga nr. 77/2000.

Líkt og áður hefur komið fram sendi atvinnuveganefnd Alþingis Persónuvernd tölvubréfi, dags. 8. maí sl., breytingartillögu að ákvæði 27. gr. d frumvarpsins og óskaði eftir álitum stofnunarinnar á henni. Tillagan hljóðar svo:


„Matvælastofnun er heimill rafrænn aðgangur að öllum farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum tollyfirvalda í þeim tilgangi að geta viðhaft eftirlit með þeim vörum sem 27. gr. a og 27. gr. b ná til.

Matvælastofnun er einnig heimill rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr farmskrám farmflytjanda, með sama hætti og tollayfirvöld hafa samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Matvælastofnun og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd.“

Af framangreindri tillögu verður ekki ráðið að komið hafi verið til móts við þær ábendingar sem Persónuvernd setti fram með umsögn sinni frá 28. febrúar heldur þvert á móti sé nú tekið fram að Matvælastofnun hafi aðgang að öllum gögnum tollstjóra. Þá kom einnig fram í símtali við ritara nefndarinnar, þann 8. maí sl., að tölvukerfi tollstjóra væri með þeim hætti að ekki væri hægt að takmarka aðgang Matvælastofnunar að kerfi tollstjóra þannig að hún hefði eingöngu aðgang að þeim gögnum sem að Matvælastofnun þyrfti nauðsynlega á að halda vegna starfsemi sinnar.

Af þeirri ástæðu ítrekar Persónuvernd fyrri umsögn sína og leggur áherslu á að aðgangur Matvælastofnunar að *persónugreinanlegum* upplýsingum verði afmarkaður með þeim hætti að það fái samrýmt grundvallarreglum 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. m.a. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. um meðalhóf.

  
Vigdís Eva Línadal  
lögfræðingur